

8. Frumvörp

til laga um kennaraskóla.

(Lagt fyrir Alþingi 1922).

1.

Um markmið skólans og skipulag.

1. gr.

Það er markmið kennaraskólans að veita nemendum bæði almenna mentun og sjermentun í því, sem tilheyrir uppeldi barna og kenslu.

2. gr.

Í skólanum eru fjórar ársdeildir.

3. gr.

Skólinn er jafnt fyrir konur sem karla. Kenslan veitist ókeypis.

II.

Um kensluna.

4. gr.

Í skólanum skal kenna: Íslensku, dönsku, sögu, þjóðhagsfræði, landafræði, náttúrusögu, heilsufræði, eðlisfræði, efnafræði, stærðfræði, skrift, teiknun, handavinnu, söng, líkamsæfingar, kristinfræði, uppeldisfræði og kenslufræði og kenluæfingar. Auk þess skal nemandi hver fá kenlu annaðhvort í ensku eða þýsku, eftir vali meiri hluta nemenda er þeir setjast í 1. bekk. Kenlu í garðyrkju og matreiðslu má taka upp.

5. gr.

Kensluæfingar skulu nemendur fá í æfingaskóla í sambandi við kennaraskólann. Æfingaskólinn sje barnaskóli með 6 ársdeildum að minsta kosti og sjerstökum skólastjóra, undir yfirstjórn skólameistara kennaraskólans.

III.

Um próf og einkunnir.

6. gr.

Í skólanum skulu auk inntökuprófs vera tvöskonar próf, árspróf og burtfararpróf, er nefnist kennarapróf.

7. gr.

Við kennarapróf og inntökupróf skólans skulu auk kennarans sem prófar vera tveir prófdómendur, skipaðir af yfirstjórn skólans samkvæmt tilögum skólaráðs.

8. gr.

Einkunnastiga Örsteds skal hafa við prófin.

IV.

Um inntöku nemenda.

9. gr.

Til þess að verða tekiinn í 1. bekk skólans skal nemandi vera fullra 17 ára við byrjun skólaársins og ganga undir próf, er sýni að hann hafi þann þroska og þá kunnáttu, er heimtuð verður í reglugerð skólans.

V.

Um kenstutíma.

10. gr.

Skólinn byrjar fyrsta október og stendur til 30. júní. Ársprófum og kennaraprófum skal þó lokið 14. maí. en í síðari hluta maí og allan júní sje námsskeið til framhaldsmentunar kennara, að minsta kosti fimm vikur fullar.

VI.

Um kennara skólans.

11. gr.

Við kennaraskólann skulu, auk skólameistara og forstöðumanns æfingaskólans, að jafnaði vera þrír skipaðir kennarar, en aðrir kennarar eftir þörfum.

12. gr.

Til þess að geta orðið skólameistari, skipaður kennari kennaraskólans eða forstöðumaður æfingaskólans, verður umsækjandi:

1. Að hafa lokið embættisprófi í þeim greinum, sem hann aðallega á að kenna, og hafa staðist próf í aðalatriðum uppeldis- og kenslufræðinnar og verklegri kenslu. — Undanþágu má þó veita þeim, er hefir viðurkenda yfirburði í þeim greinum, sem hann á að kenna.
2. Að vera laus við hvern þann sjúkdóm eða líkamsgalla, er gerir hann óhæfan til starfsins.
3. Að eiga það siðgæði og þá lyndistestu og lipurð, er þarf til að stjórna ungum mönnum.

Kennarar við æfingaskólann skulu að minsta kosti hafa gott kennarapróf.

Enginn getur fengið veitingu fyrir kennaraembætti við skólann, nema hann hafi verið settur til að þjóna embættinu að minsta kosti eitt ár. Hafi hann ekki fengið veitingu fyrir embættinu innan tveggja ára, má hann eigi gegna því lengur.

Hverjum kennara sem hjer eftir verður skipaður við kennaraskólann, er skylt að láta af embætti 65 ára að aldri með þeim lífeyri, sem hann þá hefir unnið sjer, nema yfirstjórn skólans skori á hann að halda embættinu lengur.

13. gr.

Stundakennara setur yfirstjórn skólans samkvæmt tillögum skólaráðs.

VII.

Um yfirstjórn skólans og skólaráð.

14. gr.

Yfirstjórn skólans hefir ráðuneytið.

15. gr.

Til aðstoðar sjer við framkvæmd umsjónarinnar hefir ráðuneytið skólaráð.

Í skólaráðinu sitja:

1. Skólameistari kennaraskólans.
2. Skólafróður maður, er ráðuneytið skipar til 6 ára.
3. Skólafróður maður, er háskólaráðið kýs til 6 ára.

VIII.

Ýmisleg ákvæði.

16. gr.

Með reglugerð verður nánar ákveðið um tilhögun kenslunnar, próf og einkunnir, inntöku nemenda í skólann, kenslutíma og leyfi, reglu og aga, kennara skólans, skólaráð, kennarapróf, stúdenta og kandidata, framhaldsnámsskeið.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi . . . og eru frá sama tíma úr gildi numin . . .

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Alþingi 1919 samþykkti þingsályktun um rannsókn og endurskoðun á fræðslumálum landsins. Samkvæmt þessari þingsályktun kvaddi ráðuneytið þá prófessorana dr. phil. Guðmund Finnbogason og sira Sigurð Sívertsen til þess að vera stjórninni til aðstoðar við rannsókn þessa og athugun.

Eitt verkefni þessarar þingsályktunartillögu, er endurskoðun alls skipulags kennaraskólans. Hafa hinir tilkvöddu menn gert tillögu um nokkra breytingu á kennaraskólanum og gert frumvarp þar um. Frumvarp þetta hefir ráðuneytið fallist á í aðalatriðum, og er það tekið hjer upp óbreytt að öðru en því, er nú skal greint:

10. gr. frumvarps prófessoranna er þannig:

»Skólinn byrjar 1. október og stendur til 1. júní. Ársprófum og kennara-

prófum skal þó lokið 14. maí, en í júnimánuði sje námskeið til framhaldsmentunar kennara«.

Breytingin hjer er sú, að það er beint tekið fram í stjórnarfrumvarpinu, að framhaldskenslan skuli einnig vera í maí, og mun sú hafa verið tilætlunin frá upphafi, þótt það kæmi eigi fram í hinu upphaflega frumvarpi.

Greinar þær, er feldar eru burt úr frumvarpi prófessoranna eru þessar:

14. gr.: Skólalækni skal skipa til þriggja ára í senn eftir tillögum skólameistara og kennarafundar, og fær hann ákvæðin árslaun fyrir störf sín í þarfir skólans«.

17. gr.: »Við kennaraskólann skal vera sjóður, er nefnist »Lánssjóður Kennaraskólans«.

18. gr.: »Í sjóð þenna skal renna:

1. Helmingur þess námsstyrks, sem veittur er á fjárlögum árs hvers til skólans.
2. Vextir af fé sjóðsins, og afborganir af fé því, er hann lánar út.
3. Gjafir þær, er honum kunna að verða gefnar«.

19. gr.: »Sjóðnum skal verja til lánveitingar handa nemendum kennaraskólans«.

Svo hefir verið felt úr frumvarpinu ákvæðin um að reglugerð ákveði um skólalækni og lánssjóð.

Það virðist ekki þörf á að skipa sjerstakan lækni handa þessum skóla. Hægt ætti að vera að fá nægilegt lækniseftirlit með skólanum, án þess svo sem að stofna við hann sjerstakt lækniseimbætti, og með minna kostnaði en ef ákvæðið í 14. gr. hins upphaflega frumvarps hjeldist.

Ráðuneytið hefir ekki getað fallist á nýmælið um lánssjóðinn, meðal annars af því að lítil líkindi eru til þess að ríkissjóður verði í bráð fær um að veita meiri námsstyrk til skólans, en þarf árlega handa hinum allra fátækustu nemendum.

Að öðru leyti er vísað til »Mentamálanefndarálits II. Kennaraskólans«.